

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða, með áorðnum breytingum sbr. reglur nr. 765/2002.

#### 1. gr.

Á eftir 36. gr. bætist ný grein sem verði 36. gr.a, svohljóðandi:

Í skýringum skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vegna starfa í þágu sjóðsins, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar. Upplýsingarnar skulu sérgreindar á einstaka stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu lífeyrissjóðs er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðs að dóttur- eða hlutdeildarfélögum, sem og setu í nefndum og stjórnnum sem hann er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins, þótt þóknanir fyrir þau störf séu ekki greiddar af lífeyrissjóðnum sjálfum.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda/endurskoðunarfélags, sem annast ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins, sundurliðað í þóknun fyrir endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 2004.

*Fjármálaeftirlitinu, 22. desember 2004.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

---

*Ragnar Hafliðason.*